



## **Reglur um niðurgreiðslu daggæslu í heimahúsum. FORELDRAGREIÐSLUR**

### **Skilgreiningar**

#### **1. gr.**

Reykholahreppur greiðir hámarksupphæð foreldragreiðslna vegna 8 tíma gæslu kr. 40.000 á mánuði fyrir hvert barn foreldra í sambúð og kr. 55.000 á mánuði fyrir hvert barn til einstæðra foreldra, öryrkja eða ef foreldrar eru báðir í námi. Greiðslunum er ætlað að brúa bilið frá fæðingarorlofi og þar til barn fær vistun hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla, sem miðast við eins árs aldur.

### **Skilyrði niðurgreiðslna hjá öðrum en dagforeldrum.**

#### **2. gr.**

Reykholahreppur greiðir niður daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum og að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum.

- Foreldrar viðkomandi barns verða að hafa lögheimili í sveitarfélaginu
- Umsókn um leikskólapláss á Reykhólum liggi fyrir hjá skólastjóra Reykhólaskóla.
- Foreldragreiðslur standa eingöngu til boða fyrir þá foreldra sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.
- Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn einstæðra foreldra hefur náð sjö mánaða aldri og barn foreldra í hjúskap hefur náð tíu mánaða aldri.
- Foreldragreiðsla fellur niður þegar barn verður 12 mánaða eða þegar það hefur leikskólagöngu.

### **Afgreiðsla.**

#### **3. gr.**

Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði. Móttaka umsókna og afgreiðsla er á skrifstofu Reykhólahrepps.

Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar á undan greiðslumánuði.

Greiðslur eru inntar af hendi 1.-5. virka dag mánaðar og berast greiðslur foreldrum eftir að þjónustumánuði líkur. Réttur til greiðslna helst út þann mánuð sem barnið verður eins árs.

### **Viðurlög.**

#### **4. gr.**

Verði um ofgreiðslu að ræða á foreldragreiðslum áskilur Reykhólahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar eru samþykktar af mennta- og menningarmálanefnd 10. apríl 2017 og staðfestar af sveitarstjórn 11. apríl 2017.

*Ingibjörg B. Erlingsdóttir  
sveitarstjóri*

